

Nd.

## 72. Frumvarp til laga

[66. mál]

um fjárhagslegan stuðning við fræðslustarfsemi MFA og bréfaskóla.

Flm.: Svava Jakobsdóttir, Benedikt Gröndal, Magnús T. Ólafsson.

### 1. gr.

Fræðsla á vegum Menningar- og fræðslusambands alþýðu skal hljóta ríkisstyrk er nemur 75% af sannanlegum kostnaði.

### 2. gr.

Fullorðinsfræðsla í formi bréfaskólakennslu skal hljóta ríkisstyrk er nemur 75% rekstrarkostnaðar svo og útgáfukostnaðar, enda hafi menntamálaráðuneytið áður fallist á útgáfu kennsluefnisins.

### 3. gr.

Ráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessara laga, m. a. um lágmarksfjölda þátttakenda og kostnaðarviðmiðanir.

### Greinargerð.

Á vegum Menningar- og fræðslusambands alþýðu fer fram margvísleg fræðsla fyrir félagi í verkalýðshreyfingunni. Fer sú fræðsla fram í námskeiðum og fræðsluhópum í samvinnu við verkalýðsfélögin.

Í reglugerð fyrir Menningar- og fræðslusamband alþýðu frá 1974 er hlutverk þess skilgreint á þá lund, að það skuli vinna að menningar- og fræðslumálum íslenskrar alþýðu með það fyrir augum:

- a) að auka þroska einstaklingsins, sjálfstraust, vilja og þrek til þess að gera hann hæfari í baráttunni fyrir haugmunum og frelsi alþýðunnar;
- b) að gera menningarverðmætin aðgengileg öllum;
- c) að efla áhuga fyrir starfi og markmiðum verkalýðshreyfingarinnar;
- d) að útbreiða vitneskju um efnahagslega, félagslega og menningarlega þróun þjóðfélagsins;
- e) að vekja skilning á þýðingu hins alþjóðlega samstarfs alþýðunnar;
- f) að efla áhuga fyrir sögu verkalýðshreyfingarinnar og geymd sögulegra verðmæta.

Hér er því raunar um að ræða einn mikilvægasta þátt fullorðinsfræðslu í landinu, og það gefur auga leið að til þess að geta rækt þetta hlutverk þarf MFA miklu meira fé en það hefur nú yfir að ráða. Í nágrannalöndum okkar hafa hliðstæð fræðslusambönd og MFA lengi notið riflegra styrkja af opinberu fé og haldið uppi blómlegri og öflugri fræðslustarfsemi. Það er skoðun flm., að ekki verði lengur unað við það afskiptaleysi sem hið opinbera sýnir þessum þætti í starfi verkalýðshreyfingarinnar. Það er tvímælalaust skylda þjóðfélagsins við verkalýðsstéttina að veita henni tækifæri til þeirrar fræðslu sem henni er nauðsynleg til þess að geta rækt félagslegt hlutverk sitt, eflt samtök sín og þroskað. Þess vegna er hér lagt til að fræðsla á vegum Menningar- og fræðslusambands alþýðu skuli hljóta ríkisstyrk sem nemi 75% af sannanlegum kostnaði. Þá er einnig lagt til að fullorðinsfræðsla í formi bréfaskólakennslu skuli hljóta sama styrk.

Bréfaskóli hefur lengi verið starfræktur á vegum samvinnuhreyfingarinnar og Alþýðusambands Íslands. Færir hann stöðugt út kvíarnar og veitir margs konar gagnlega fræðslu. Aðilar að þessum bréfaskóla eru nú orðnir sjö, auk framangreindra einnig BSRB, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Stéttarsamband bænda, Ungmennafélag Íslands og Kvenfélagasamband Íslands.

Í þessu sambandi taka flm. mið af ákvæðum í frv. til l. um fullorðinsfræðslu, er lagt hefur verið fyrir Alþingi, en þar var gert ráð fyrir þessari kostnaðartilhögun fyrir m. a. námshópa og bréfaskólakennslu. Það frv. hefur þó ekki fengið afgreiðslu og ekki sýnt að það verði á næstunni, enda eðlilegt að skipulag fullorðinsfræðslu bíði endanlegrar lagasetningar um framhaldsskólastig. Vel mætti hugsa sér aðra kostnaðartilhögun en þessa þegar málefni fullorðinsfræðslu verða tekin fyrir í heild, en þangað til það verður hlýtur þetta að teljast aðgengileg leið.

Flm. telja að greinar frv. þurfi ekki sérstakra skýringa við.